

Fimmtudaginn 5. desember 1974.

Nr. 186/1973: **Magdalena v. Zundert**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Lögreglustjóranum í Reykjavík

vegna Bifreiðaeftirlits ríkisins

(Jóhannes L. L. Helgason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Synjað innsetningargærðar. Skráningarmerki bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 1. október 1973. Það mál féll niður vegna útivistar áfrýjanda 3. desember 1973. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 áfrýjaði áfrýjandi málinu af nýju með stefnu 28. desember 1973. Krefst hún þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og henni „verði með fógetagerð afhent ný skráningarmerki R 188 gegn afhendingu gamalla merkja R 188.“ Jafnframt krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eigi verður talið, að með greiðslu áfrýjanda hinn 13. júní 1972 hafi hún öðlast eignarrétt að skráningarmerki bifreiðar með einkennisstöfunum R 188. Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Magdalena v. Zundert, greiði stefnda, lög-

reglustjóranum í Reykjavík f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins, kr. 12.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógætaréttar Reykjavíkur 2. júlí 1973.

Gerðarbeiðandi, Magdalena v. Zundert, Hellu við Suðurlandsbraut, hefur krafist þess, að ný skrásetningarmerki bifreiðar R 188 verði tekin af gerðarþola, lögreglustjóranum í Reykjavík f. h. Bifreiðaeftirlits ríkisins, og henni fengin þau gegn afhendingu á gömlum númeraplötum með sama skrásetningarnúmeri. Hún krefst málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Af gerðarþola hálfu er því mótmælt, að gerð þessi nái fram að ganga. Er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Fógætamál þetta var tekið til úrskurðar þegar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór þann 20. fyrri mánaðar.

Svo er skýrt frá af gerðarbeiðanda hálfu, að hún hafi komist að því af tilviljun í júní 1972, að skrásetningarnúmerið R 188 væri laust til skráningar. Þetta hafi verið athugað nánar í Bifreiðaeftirlitinu og reynst vera rétt. Hafi bifreið gerðarbeiðanda, sem bar númerið R 2394, síðan verið tryggð sem númer R 188 og að því búnu skrásett á tíðkanlegan hátt hjá Bifreiðaeftirlitinu sem R 188. Með því að númeraplötur þær, er bifreiðaeftirlitsmaður afhenti, hafi verið orðnar lélegar, hafi um leið verið pantaðar nýjar númeraplötur og þær greiddar. Hefur gerðarbeiðandi lagt fram í málinu sem rskj. 2 og 3 ljósrit af skráningarskírteini og kvittun. En gerðarbeiðandi kveðst ekki hafa fengið afhentar þær nýju númeraplötur, sem hún hafi greitt. Hafi lögreglustjóri tilkynnt með bréfi 14. ágúst 1972, rskj. 11, að þessi bifreið hafi verið afskráð sem R 188.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur fært fram í málinu, að mistök hafi orðið, er gerðarbeiðandi fékk þessa umskráningu. Hafi þau verið leiðrétt þannig, að bifreið hennar hafi verið skráð á sín fyrri númer, og gerðarbeiðanda tilkynnt um það, eins og lög geri ráð fyrir. Hún eigi nú engan rétt til að nota skráningarmerkið R 188.

Júlíus Bernburg bifreiðaeftirlitsmaður hefur gefið lögreglustjóra skýrslu, dags. 11. júlí 1972. Er hún lögð fram í máli þessu sem rskj. 6. Þar segir Júlíus, að þann 13. júní s. á. hafi komið sér ókunnur maður á afgreiðslu Bifreiðaeftirlitsins og hafi sá lagt

fram tilskilin gögn til umskráningar bifreiðarinnar R 2394 á númer R 188 og getið þess um leið, að númer R 188 lægi inni. Kveðst Júlíus hafa talið víst, að um væri að ræða þann hinn sama, er haft hafði þetta skrásetningarnúmer og lagt það inn. Það sé ekki venja að heimta persónuskilríki af fólki í þessum tilvikum, og með því að númeraspjöldin R 188 lágu á tíðkanlegum geymslustað, kveðst Júlíus hafa orðið við beiðni þessa manns um umskráningu. Síðar hafi komið í ljós, að númeraplöturnar höfðu verið lagðar inn til geymslu á nafni Rögnvalds Haraldssonar.

Rögnvaldur Haraldsson, Brúnalandi 4, hefur að beiðni lögreglustjóra gefið skýrslu, sem dagsett er þann 14. júlí 1972, og er hún lögð fram sem rskj. 7 í máli þessu. Hann segist hafa eignast bifreiðina R 188 á árinu 1967 og haft þetta skráningarnúmer síðan á þeim bifreiðum, sem hann hafi átt. Hann kveðst hafa skipt um bifreið í júní 1972 og þá lagt númeraspjöldin inn til geymslu hjá Bifreiðaeftirlitinu og fengið það loforð, að þau yrðu geymd honum þar í vikutíma að minnsta kosti. Hann segist nú hafa ætlað að vitja númeranna þann 13. sama mánaðar, en þá verið tjáð, að númeraspjöldin hefðu verið látin á aðra bifreið daginn áður, og hafi Júlíus Bernburg sagt, að spjöldin mundu hafa verið afhent af misgáningi. Það er komið fram í málinu við munnlegan flutning þess, að gerðarbeiðandi heldur númeraplötum þeim, sem henni voru afhentar við umskráninguna 13. júní 1972. Hún hefur verið krafín afhendingar á þessum spjöldum, en hefur ekki orðið við því og hefur bifreið sína læsta inni í skúr við heimili sitt. En Rögnvaldur Haraldsson hefur notað númerið R 188 á sinni bifreið. Það hefur og komið fram í málinu, að gerðarbeiðanda hefur verið boðið eitthvert annað skrásetningarnúmer, sem hún gæti sætt sig við, en ekki hefur orðið samkomulag um það.

Í málflutningi gerðarbeiðanda er lögð áhersla á það, að henni, eða réttara sagt eiginmanni hennar, Þorsteini Þorsteinssyni, hafi verið tjáð af starfsmanni Bifreiðaeftirlitsins, að númerið R 188 væri laust til skráningar. Hún hafi verið algerlega í góðri trú, er hún tryggði bifreið sína á þetta númer, og hafi hennar góða trú enn frekar grundvallast, er sendimanni hennar, sbr. vottorð á rskj. 13, hafi athugasemdalaust verið afhentar númeraplötur og skráning framkvæmd og þá er athugasemdalaust var tekið við pöntun og greiðslu vegna nýrra númeraplatna. Við þessar athafnir Bifreiðaeftirlitsins hafi gerðarbeiðandi fengið allan rétt sem kvaðalaus skráningarhafi til að hafa númer R 188 á bifreið sinni. Jafnframt er því mótmælt, að Bifreiðaeftirlitið hafi ekki haft full-

an ráðstöfunarrétt á þessu skráningarnúmeri, og er skýrslum Júlíusar Bernburgs og Rögnvalds Haraldssonar sérstaklega mótmælt í því atriði. En að öðru leyti skipti loforð bifreiðaeftirlitsmanns engu máli, þótt gefið hefði verið. Umferðarlög geri ekki ráð fyrir því, að skráningarnúmer séu geymd fyrir einn né neinn. Starfsmenn Bifreiðaeftirlitsins hafi alveg í hendi sér, hvaða númer þeir láti í umferð, en hafi númer verið látið í té og skráningarhafi sé í góðri trú, þá sé Bifreiðaeftirlitið við það bundið, svo sem horfi við í þessu máli. Þetta komi glöggst fram í 20. grein umferðarlaga nr. 40/1968 samkvæmt gagnályktun.

Af gerðarþola hálfu er bent á það, að mistök hafi orðið af hálfu Bifreiðaeftirlitsins, en þau mistök hafi verið leiðrétt og verði gerðarbeiðandi að sætta sig við þá skipan mála. Telja verði, að samkvæmt 12. gr., 1. mgr., og 14. gr., 3. mgr., umferðarlaga sé sú regla auðséð, að skráningarmerki bifreiða séu eign hins opinbera, en lögreglustjóri ráðstafi þeim til þess ökutækis, sem honum þyki eðlilegast hverju sinni. Það sé föst venja hjá Bifreiðaeftirlitinu og umferðarlög mæli því ekki á móti, að ef handhafi að skráningarmerki óski þess að fá merki sín geymd, meðan hann er að skipta um bifreið, þá sé orðið við því, og þá er Rögnvaldur Haraldsson lagði inn merkispjöldin að R 188, og sölutilkynning hljóðaði um, að þau yrðu geymd, þá hafi ekkert verið því til fyrirstöðu, að þetta yrði látið eftir honum. Góð eða vond trú gerðarbeiðanda sé algerlega óviðkomandi rétti til skráningarmerkis. Því er ekki mótmælt, að erindreka gerðarbeiðanda hafi verið tjáð, að númeraspjöldin lægju inni, en hitt er vefengt, að hann hafi fengið að vita, að númerið væri laust til skráningar. Hljóti þar að vera um einhvers konar misskilning að ræða. Hitt hafi ekki verið óeðlilegt, að bifreiðaeftirlitsmaðurinn hafi ekki varað sig á því, að sá, sem fékk skráninguna og tók númeraspjöldin, var erindreki gerðarbeiðanda, en ekki Rögnvalds Haraldssonar. Lögreglustjóri hafi réttilega gefið út skipun um það, að bifreið gerðarbeiðanda, sem samkvæmt áður margsögðu var búin að fá númer R 188, skyldi tekin úr umferð og skráningarmerkjum skilað, en gerðarbeiðandi hafi valið þann kostinn að læsa bifreiðina inni. Sé ekkert við því að segja, en hins vegar hafi Rögnvaldi Haraldssyni verið fengið þetta númer, R 188, enda hafi hann ekki fyrirgert rétti til þess, og vegna bifreiðatryggingar og hjólhýsissskráningar á þessu númeri hafði honum verið breyting á númerinu bagaleg.

Þessi fógetamálshöfðun gengur út á það, að fógeti taki númeraplötur bifreiðar af lögreglustjóra og afhendi gerðarbeiðanda þær.

Ef taka ætti beiðni gerðarbeiðanda til greina, væri það sama sem að fógæti skipaði lögreglustjóra að skrá bifreið Rögnvalds Haraldssonar af hinu umdeilda númeri, en skrá í staðinn bifreið gerðarbeiðanda á sama númer. Fógætarettur hefur ekki vald til að kveða upp slíka úrskurði. Er því synjað um gerð þessa.

Það er óhjákvæmilegt að úrskurða gerðarbeiðanda til að greiða gerðarþola málskostnað. Hann ákveðst 15.000.00 krónur.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. desember 1974.

Nr. 206/1974: Valdstjórnin

gegn

Magnúsi Helga Kristjánssyni.

Dómsendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Þórir Oddsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru 27. nóvember 1974, sem barst Hæstarétti 29. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Greinargerð hefur ekki borist af hálfu varnaraðilja.